

Reykínhlahreppur  
Arwa Alfadhli  
Maríutröð 5a  
380 Reykínhlahreppur

Reykjavík, 26. ágúst 2022  
UST202207-116/A.B.  
10.04.02

## **Efni: Tillaga – Kynning á aðalskipulagi Reykínhlahrepps 2022 - 2034 – Heildarendurskoðun**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Reykínhlahrepps er barst 11. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að heildarendurskoðun á aðalskipulagi Reykínhlahrepps 2022 - 2034.

### **Hverfisvernd**

Í greinargerð, í kafla þar sem fjallað er um A-hluta náttúruminjaskrár, vill Umhverfisstofnun benda á að hverfisverndarsvæði eru skipulagsákvörðun sveitarfélagsins, sbr. skipulagsreglugerð nr. 90/2013 líkt og kemur fram í greinargerð, en falla ekki undir A-hluta náttúruminjaskrár og því er eðlilegra að fjalla um hverfisverndarsvæði í sér kafla.

### **Breiðafjörður**

Umhverfisstofnun bendir á að það þarf að setja inn á skipulagsuppdrátt nr. 5 verndarsvæði Breiðafjarðar sem nær yfir fjörðinn og tekur til allra eyja og skerja.

### **Sérstök vernd náttúruverndarlaga**

Í greinargerð á þemauppdrætti (bls. 99) eru sýnd svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Fjallað er um ákvæði laganna<sup>1</sup> á bls. 95.

Í umhverfisskýrslu segir að í tillögunni séu settir almennir skilmálar um frístundabyggð sem kveða á um að svæðum með sérstaka vernd sé ekki raskað að óþörfu. Umhverfisstofnun bendir á að orðalagið „*sé ekki raskað að óþörfu*“ er ekki í samræmi við ákvæði náttúruverndarlaga og því þarf að lagfæra textann.

Í 61. gr. náttúruverndarlaga er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að

---

<sup>1</sup> <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>

forðast rask svæða sem falla undir sérstaka vernd sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir.

Umhverfisstofnun bendir á að ef landnýtingaráætlunin geri ráð fyrir röskun á svæðum sem falla undir sérstaka vernd þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum svæðum sem skoðuð hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu áætlunarinnar og ástæðum þess að þau urðu ekki fyrir valinu.

### ***Framræsing votlendis á landbúnaðarsvæðum***

Í greinargerð kemur fram að framræsing votlendis sé aðeins heimil ef hún er forsenda akuryrkju. Að mati Umhverfisstofnunar eru skilmálar tillögunnar hvað þetta varðar óljósir og bendir stofnunin á mikilvægi þess að litið sé til ákvæða 61. gr. náttúruverndarlaga við gerð og ákvörðun skilmála.

Verndun votlendis er aðgerð I.4 í aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum. Unnið er að koma á þeirri meginreglu að votlendi sé endurheimt en ekki raskað.<sup>2</sup>

### ***Frístundabyggð og verslun***

Í greinargerð á bls. 18. segir að markmið skipulagsins sé að frístundabyggð skerði ekki mikilvæg eða viðkvæm svæði með tilliti til náttúruverndar. Í greinargerð kemur fram að ný frístundabyggðasvæði skuli vera utan svæða sem tilgreind eru í 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og einnig skuli forðast að hrófla við birkiskógum eða kjarri vöxnum svæðum við framkvæmdir. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að almennt ættu frístundasvæði, hvort sem þau eru gömul eða ný, ekki að raska svæðum sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Umhverfisstofnun bendir á að innan F-12, F-38, VP-4 (heilsuhótel) eru votlendi sem falla undir sérstaka vernd 61. gr. náttúruverndarlaga. Auk þess liggur reiturinn F-38 ofan í Kýlónsvatni á Hafrafelli.

Umhverfisstofnun telur að tillagan muni raska votlendi sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga og því mikilvægt að það komi fram hvaða aðrir valkostir voru fyrir hendi fyrir ofangreind svæði og af hverju þeir urðu ekki fyrir valinu og hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskun á votlendum. Umhverfisstofnun leggur áherslu á skoðuð séu svæði sem eru utan svæða sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

### **Landfylling**

Í greinargerð kemur fram að gert er ráð fyrir um 2 ha stækkun iðnaðarsvæðisins (I-2) með landfyllingu sem verði nánar útfærð í deiliskipulagi og framkvæmdaleyfisgögnum. Þar verði gerð nánari grein fyrir efnisþörf, hvaðan efni er sótt og hver áhrif kunna að verða á verndarsvæði Breiðafjarðar, landslag og ásjúnd.

Í greinargerð kemur fram hver sé stærð hafnarsvæðanna í hekturum, en mikilvægt er að mati stofnunarinnar að það komi fram hver fyrirhuguð stækkun er og hver áætluð efnisþörf (í m<sup>3</sup>) landfyllingar og varnargarða er.

Miðað við ofangreindar upplýsingar verður um opna landfyllingu að ræða og því um að ræða varp í hafið samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og

<sup>2</sup> <https://www.stjornarradid.is/verkefni/umhverfi-og-natturuvernd/loftslagsmal/adgerdaaetlun-i-loftslagsmalum/adgerdinar/loftslagsskyrsla-stok/?itemid=387a8c64-b19e-11ea-8117-005056bc8c60>;  
<https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Verndun%20votlendis%202021.pdf>.

stranda. Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt 9. gr. laganna er varp efna og hluta í hafið óheimilt. Umhverfisstofnun getur þó, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar, veitt leyfi til varps í hafið. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að með umsókn um leyfi til varps í hafið þurfa að berast stofnunni upplýsingar samkvæmt viðauka I við leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis. Í umsókninni þarf m.a. að koma fram stærð garðanna í m<sup>3</sup> og hvers konar efni verður notað í varnargarðana (kornastærð).

Umhverfisstofnun bendir á að aukin skipaumferð um höfnina gæti haft neikvæð áhrif á sellátur landsels en sérstök aðgát skal höfð við sellátur, skv. 4. mgr. 17. gr. náttúruverndarlaga. Sérstaklega þegar selirnir eru að kæpa (maí-júní). Staðsetning selláttra má nálgast í kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://selalatur.ni.is/>).

### **Víðerni**

Í greinargerð á bls. 98 er fjallað um skilgreiningu á óbyggðum víðernum samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013. Hins vegar kemur ekki fram í tillögunni hver stefna sveitafélagsins er varðandi verndun víðerna, en mikilvægt er að mati stofnunarinnar að það komi fram.

### **Skógrækt og náttúruvernd**

Í greinargerð er sýnd tafla (bls. 62) yfir samningssvæði Skógræktarinnar.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að þessi svæði séu sýnd á uppdrætti skipulagstillögunnar, en samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 90/2013 segir að skógræktar- og landgræðslusvæði (SL) séu þau svæði sem eru fyrir *skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgræðslu*.

### **Kolefnisjöfnun**

Í greinargerð kemur fram að sett er fram stefna um aukna bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi með því að standa vörð um náttúruskóga, líffræðilega fjölbreytni og óröskuð votlendi. Umhverfisstofnun telur jákvætt að sjá að í tillögu að aðalskipulagi er gerð grein fyrir jarðvegi á skipulagssvæðinu, honum skipt í flokka eftir gæðum og vistkerfum og jafnframt lagt til að frjósamasta landið, sem einnig geymir mikið kolefni, verði varðveitt og sett eru skilyrði um að ekki megi ræsa fram votlendi nema nota eigi viðkomandi svæði til matvælaframleiðslu. Við bindingu kolefnis er víða um heim lögð mikil áhersla á að varanleiki kolefnisbindingar í jarðvegi eða gróðri verði tryggður og má telja að hér taki sveitarfélagið skref í þá átt að láta kolefni bundið í jarðvegi vera áfram óhreyft. Umhverfisstofnun telur þessi atriði til fyrirmyndar.

### **Fráveita**

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólp.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að þar sem talað er almennt um hreinsun fráveituvatns ætti frekar að nota orðið fráveita eða hreinsivirki í stað rotþróar þar sem rotþró er aðeins einn hluti hreinsunar og er ekki nægjanleg sem hreinsun frá einstaka húsum. Auk þess ætti að mati stofnunarinnar að fjalla um meðhöndlun á ristarúrgangi og seyru sem fellur til í sveitarfélaginu.

## Úrgangur

Umhverfisstofnun bendir á að bann við urðun á lífúrgangi, ásamt öðrum sérsöfnuðum heimilisúrgangi, tekur gildi þann 1. janúar 2023. Bann við urðun alls lífbrjótanlegs úrgangs (þar með talið lífræns rekstrarúrgangs) er aðgerð nr. 16 í stefnunni „Í átt að hringrásarhagkerfi“ sem áætlað er að taki gildi fyrir árslok 2024. Tengist þetta Aðgerð F.2 í aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum. Umhverfisstofnun telur að í greinargerð ætti að vera umfjöllun um hvernig sveitarfélagið hyggst ráðstafa lífúrgangi og síðar meir öllum lífbrjótanlegum úrgangi á annan hátt en að senda til urðunar eða til brennslu.

Umhverfisstofnun bendir á að þann 1. janúar 2023 tekur gildi breyting á lögum nr. 103/2021 um breytingu á m.a. lögum um meðhöndlun úrgangs sem er hluti innleiðingar á ofangreindri stefnu ráðherra í úrgangsmálum.

Meðal annars verður sveitarfélögum skylt að koma sér upp sérstakri söfnun innan lóðar í þéttbýli á pappír og pappa, plasti og lífúrgangi en söfnun á gleri, málmum og textíl má fara fram á grenndarstöðvum. Koma skal upp sérstakri söfnun á heimilisúrgangi og koma í veg fyrir að úrgangur blandist öðrum úrgangi eða öðrum efniviði með aðra eiginleika. Með gildistöku laganna verður ekki heimilt að urða né senda til brennslu þær sérsafnaðar úrgangstegundir sem tilgreindar eru hér að ofan. Rekstraraðilum verður skylt að flokka sinn úrgang með sama hætti, auk þess sem skylt verður að flokka byggingar- og niðurrifsúrgang. Þar að auki verður sveitarfélögum skylt að innheimta gjald sem næst raunkostnaði fyrir meðhöndlun úrgangs, svo sem með því að miða við magn úrgangs, gerð hans, losunartíðni eða aðra þætti. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að skipulagsáætlanir sveitarfélagsins í úrgangsmálum samræmist stefnu ráðherra og þeirra lagabreytinga sem munu taka gildi á næstu misserum. Ef ofangreind lagaskylda um sérsöfnun heimilisúrgangs verður útfærð með fyrirkomulagi grenndargáma og eða annarra móttökustöðva telur stofnunin að fjalla þurfi nánar um þær útfærslur í aðalskipulagi líkt og kveðið er á um í 5.3.2.16. gr. skipulagsreglugerðar.

Umhverfisstofnun bendir á að í greinargerð segir að unnið verði að frekari flokkun og endurvinnslu sorps. Umhverfisstofnun bendir á að skv. lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs er sorp skilgreint sem samheiti heimilisúrgangs. Úrgangur er víðtækt hugtak og nær einnig yfir rekstrarúrgang, m.a. byggingar- og niðurrifsúrgang. Því telur stofnunin réttara að tala um úrgang í stað sorps í þessu samhengi.

## Svæðisáætlun

Fram kemur í kafla um meðhöndlun úrgangs að ekki liggi fyrir svæðisáætlun sem Reykhólahreppur á aðild að. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 9. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs kemur fram að sveitarstjórn, ein eða fleiri í sameiningu, skuli semja og staðfesta svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir viðkomandi svæði til tólf ára í senn. Er það skylda Reykhólahrepps að hafa virka svæðisáætlun. Umhverfisstofnun telur æskilegt að fjallað sé um svæðisáætlunina sem sveitarfélagið vinnur að, forsendukafla aðalskipulagsins og hvernig skipulagsáætlunin samræmist svæðisáætluninni.

## Vegir í náttúru Íslands

Með tillögunni fylgir þemauppdráttur af tillögu sveitarfélagsins af vegum í náttúru Íslands, sbr. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að þegar um er að ræða veg með tímabundna og/eða takmarkaða notkun skal tilgreint sérstaklega það tímabil sem heimilt er að nota veg og í hvaða tilgangi sé heimilt að nota veginn, s.s. við smalamennsku, veiði, eftirlit og viðhald orku- og veitumannvirkja eða rannsóknir.

Umhverfisstofnun vill benda á leiðbeiningar Skipulagsstofnunar varðandi þennan þátt á heimasíðu stofnunarinnar.<sup>3</sup>

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að ljóst er að á næstu árum verða miklar vegaframkvæmdir á svæðinu frá Þorskafirði að Melanesi. Þegar þeim er lokið munu núverandi vegir standa eftir og mun Vegagerðin að öllum líkindum taka þessa vegi af skrá og hætta að sinna umsýslu og nauðsynlegu viðhaldi þessara vega. Umhverfisstofnun telur að í umræddu aðalskipulagi eigi að fjalla um þessi aflögðu mannvirki og hvernig og ekki síst hver muni annast þessi mannvirki. Á öðrum stöðum við Vestfjarðaveg hafa styttri vegkaflar verið felldir að landi og afmáðir eins og kostur er. Ef sveitarfélagið vill halda eftir vegi, eins og t.d. Ódrjúgshálsi, ætti að geta þess í skipulaginu. Ef ekki, þá ætti að koma fram hvernig sveitarfélagið ætlast til að Vegagerðin skili þessum mannvirkjum af sér þegar þar að kemur. Algengt er, að mati stofnunarinnar, að aflagðir vegir og brýr, sem grotna niður, verði lýti í umhverfinu.

### **Göngu- og reiðleiðir**

Í greinargerð er fjallað um göngu- og reiðleiðir. Auk þess eru þær sýndar á uppdrætti. Sunnan við þéttbýli Reykhóla er vinsælt fuglaskoðunarsvæði og eru þar nú þegar ýmsar gönguleiðir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að göngu- og reiðleiðir séu lagðar á þeim svæðum sem valda sem minnstu raski á votlendi, lífríki og fuglalífi. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að á svæðinu frá Miðhúsahöfða vestur að Sauranesi, þar sem göngu- og reiðleiðin liggur um, eru fjölmörg votlendissvæði og tjarnir sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga og votlendisvistgerðir sem hafa hátt verndargildi og eru mikilvæg búsvæði fugla.

Umhverfisstofnun telur að göngu- og reiðleið á þessu svæði geti valdið töluverðu raski á votlendi, tjörnum og viðkvæmu landi og valdið álagi á búsvæði fuglanna og því mikilvægt að vanda til verka.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að valdar sé þær leiðir sem raski gróðri sem minnst, raski ekki votlendissvæðum sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga og að valdar séu leiðir á þurru landi og að stígar falli vel að landslagi. Auk þess er mikilvægt að það komi fram að umferð vélknúinna ökutækja sé óheimil á útivistarstígum.

### **Stjórn vatnamála**

Í greinargerð segir að skv. drögum að Vatnaáætlun fyrir Ísland 2022-2027 eru engin vatnshlot í hættu eða óvissu í Reykhólahreppi. Umhverfisstofnun bendir á að fyrsta vatnaáætlun Íslands<sup>4</sup> var staðfest í apríl 2022 á grunni laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti

<sup>3</sup> [https://www.skipulag.is/media/vegir-i-natturu-islands/veginatturu-islands\\_v4.pdf](https://www.skipulag.is/media/vegir-i-natturu-islands/veginatturu-islands_v4.pdf)

<sup>4</sup> <https://ust.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/vatnaaetlun-2022-2027/>

heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Öll vatnshlot eiga að ná umhverfismarkmiðum sínum. Samkvæmt lögum má ástand vatnshlota ekki rýrna. Gerist slíkt þarf að setja fram aðgerðir til að draga úr álagi á vatnshlotið með það að markmiði að bæta ástandið. Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skuli vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Umhverfisstofnun bendir á að efnistaka getur valdið vatnsformfræðilegu álagi á lífríki straumvatna.

Í kafla 5.4.4 er fjallað um efnistöku og vill Umhverfisstofnun koma á framfæri að samkvæmt lögum nr. 36/2011, um stjórn vatnamála, ber rekstraraðila að sjá til þess að vatnsgæðum vatnshlota hraki ekki vegna starfseminnar. Efnistaka úr vatnshlotum má ekki valda því að ástand vatnshlota rýrni samkvæmt vatnaáætlun. Fjarlæging á efni (set og mól) úr vatnshlotum getur haft neikvæð áhrif á lífríki bæði staðbundið og neðar í vatnshlotum. Jafnframt vekur Umhverfisstofnun athygli á því að umferð vinnuvéla á svæðinu og í vatnshlotinu eykur hættu á mengunarslysum.

Umhverfisstofnun bendir á að virkjanir flokkast sem vatnsformfræðileg breyting á vatnshloti, en slíkar breytingar geta valdið álagi á vistfræðilegt ástand vatnshlotsins.

Virkjun er venjulega alger breyting á vatnshlotinu, en áhrif efnistöku er venjulega eitthvað sem lagast aftur að mestu, þ.e. ef hún er ekki mikil og víða í vatnshlotinu, áhrifin eru því aðeins önnur.

Í kafla 6.4 um landbúnaðarsvæði kemur fram að gera megi ráð fyrir smávirkjunum undir 200 kW án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Þá skuli meta áhrif virkjunarinnar á vatnið, aðra landnotkun, fiska og veiði, ásýnd og lífríki.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt lögum um stjórn vatnamála verður allt vatn að ná umhverfismarkmiðum sínum og má ekki falla um flokk. Vistfræðilegt ástand vatns á skipulagssvæðinu öllu er flokkað mjög gott og mega því framkvæmdir eða breytingar á vatni/vatnshlotum ekki valda því að vatnshlot falli um flokk, þ.e. fara úr t.d. mjög góðu ástandi í gott ástand. Gerist slíkt þarf að fara í aðgerðir til að draga úr álagi.

### **Náttúruminjaskrá**

Á mynd á bls. 99 segir að myndin sýni friðlýst svæði, svæði á C-hluta náttúruminjaskrár, svæði sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga og hverfisvernduð svæði. Umhverfisstofnun bendir á að myndin sýnir ekki svæði sem falla undir C-hluta náttúruminjaskrár.

Auk þess bendir stofnunin á að sett er önnur náttúruvernd (ÖN) í skýringar á uppdrætti, en er ekki afmörkuð á uppdrætti. Einnig er ekki fjallað um aðra náttúruvernd (ÖN) í greinargerð.

### Efnistaka

Í greinargerð segir að eiganda eða umráðamanni eignarlands í landnotkunarflokknum landbúnaðarland sé heimil, án framkvæmdaleyfis, minniháttar efnistaka til eigin nota, nema um sé að ræða jarðmyndanir og vistgerðir sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Umhverfisstofnun bendir á að eðlilegra sé að segja *vistkerfa og jarðminja í stað jarðmyndana og vistgerða*, því það eru *vistkerfi og jarðminjar* sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að skilgreina hvað átt er við með orðalaginu „til eigin nota,“ hver skilningur sveitarstjórnar er á orðalaginu „minniháttar efnistaka“ og hvernig sú efnistaka er flokkuð og hvernig sveitarfélagið hyggst framfylgja stefnunni, þá sérstaklega varðandi efnistöku á verndarsvæðum. Varðandi efnistöku í ám og vötnum (sem falla ekki undir 61. gr. náttúruverndarlaga) bendir Umhverfisstofnun á að efnistaka getur valdið vatnsformfræðilegu álagi á lífríki straumvatna.

### Loftslagsstefna

Umhverfisstofnun vill einnig benda á að í 5. gr. c. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál segir að sveitarfélög skuli setja sér loftslagsstefnu, þar sem stefnan skuli innihalda skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun starfseminnar ásamt aðgerðum svo að þeim markmiðum verði náð.

### Mengaður jarðvegur

Stofnunin vill koma því á framfæri að skv. 12. gr. reglugerðar nr. 1400/2020, um mengaðan jarðveg, skal Umhverfisstofnun vinna að gerð gagnagrunns yfir menguð svæði eða svæði þar sem grunur er um mengun og er sá gagnagrunnur í vinnslu. Samkvæmt 13. gr. sömu reglugerðar skulu sveitarfélög taka mið af þessari skrá við gerð skipulags.

Að mati Umhverfisstofnunar ætti að skilgreina þessi svæði sem varúðarsvæði, sbr. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

### Starfsleyfi

Stofnunin bendir á að skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sem sótt er um starfsleyfi fyrir, vera í samræmi við skipulag. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fram komi með skýrum hætti í skipulagstillögunni hvar leyfilegt sé að vera með starfsemi sem er starfsleyfisskyld hjá Umhverfisstofnun, eða heilbrigðisnefnd, til að hægt sé að meta hvort starfsemin samræmist skipulagi skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

### Vindorkuver í Garpsdal

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að stofnunin veitti umsögn varðandi tillögu að matsáætlun varðandi verkefnið til Skipulagsstofnunar dags. 30. apríl 2019<sup>5</sup> og vegna breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna sömu framkvæmdar dags. 15. janúar sl.<sup>6</sup>

<sup>5</sup> [https://ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Mat-a-umhverfisahrifum/Mat\\_%C3%A1\\_umhverfis%C3%A1hrifum\\_-\\_Tillaga\\_a%C3%B0\\_mats%C3%A1%C3%A6tlun\\_-\\_vindorkugar%C3%B0ur\\_-\\_Garpsdalur\\_-\\_Ums%C3%B6gn.pdf](https://ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Mat-a-umhverfisahrifum/Mat_%C3%A1_umhverfis%C3%A1hrifum_-_Tillaga_a%C3%B0_mats%C3%A1%C3%A6tlun_-_vindorkugar%C3%B0ur_-_Garpsdalur_-_Ums%C3%B6gn.pdf)

<sup>6</sup> <https://ust.is/library/sida/umhverfisstofnun/Tillaga%20-%20Breyting%20c3%a1%20a%20c3%b0alskipulagi%20Reykh%20c3%b3lahrepps%202006-2018%20-%20Vindorkuver%20c3%ad%20Garpsdal.pdf>

Það er mat Umhverfisstofnunar að í stað þess að hvert sveitarfélag ákveði að staðsetja vindmyllur hvert í sínu sveitarfélagi eigi frekar að líta til landsins í heild og velja svæði sem hentar til slíkrar orkuframleiðslu þar sem hægt er að koma fyrir mjög mörgum vindmyllum í stað þess að dreifa þeim um land allt.

Auk þess bendir stofnunin á að mikilvægt er að skilgreina vegi inn á aðalskipulagsuppdrætti að iðnaðarsvæðinu til þess að hægt sé að meta umhverfisáhrif þeirra framkvæmda, ekki einungis á deiliskipulagsstigi.

Umhverfisstofnun telur æskilegt að sveitarfélagið hugi að úrgangsmálum í skipulagstillögunni í tengslum við uppbyggingu iðnaðarsvæðanna í Garpsdal.

### **Vatnsorkuver í Garpsdal**

Í greinargerð í umfjöllun um vatnsorkuver í Garpsdal segir að einhver áhrif verði líklega á Garpsdalsvatn sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga. Umhverfisstofnun telur umfjöllun um áhrif framkvæmdanna á vatnið vera óljósa og telur stofnunin mikilvægt að það komi skýrt fram hver áhrif virkjunarinnar eru á vatnið.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að stofnunin veitti umsögn varðandi matsskyldufyrirspurn vegna vatnsorkuvers í Garpsdal til Skipulagsstofnunar dags. 13. september 2019<sup>7</sup> og vegna breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna sömu framkvæmdar dags. 12. október 2020.<sup>8</sup>

### **Vestfjarðavegur**

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að stofnunin veitti umsögn varðandi framkvæmd Vestfjarðavegar milli Bjarkalundar og Skálaness til Skipulagsstofnunar dags. 1. desember 2016.<sup>9</sup>

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
*sérfræðingur*

Agnes Þorkelsdóttir  
*sérfræðingur*

<sup>7</sup> [https://ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Mat-a-umhverfisahrifum/M%20c3%81U%20Vatnsaflsvirkjun\\_vic3%b0\\_M%20c3%ba1%20c3%ad\\_Garpsdal\\_-\\_Ums%20c3%b6gn.pdf](https://ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Mat-a-umhverfisahrifum/M%20c3%81U%20Vatnsaflsvirkjun_vic3%b0_M%20c3%ba1%20c3%ad_Garpsdal_-_Ums%20c3%b6gn.pdf)

<sup>8</sup> <https://ust.is/library/sida/umhverfisstofnun/Tillaga%20-%20breyting%20c3%a1%20a%20c3%b0alskipulagi%20Reykh%20c3%b3lahrepps%202006-2018%20og%20n%20c3%bdt%20deiliskipulag%20-%20Vatnsaflsvirkjun%20c3%ad%20Garpsdal.pdf>

<sup>9</sup> [https://ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Mat-a-umhverfisahrifum/Vestfjarðavegur\\_011216.pdf](https://ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Mat-a-umhverfisahrifum/Vestfjarðavegur_011216.pdf)